

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Austursíðu - athafnasvæði.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 22. ágúst 2013 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Austursíðu - athafnasvæði.

Deiliskipulagið felur í sér að skilgreindir eru byggingarreitir, nýtingarhlutfall og svæði fyrir gáma á lóðum hverfisins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 11. september 2013,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 25. september2013